

GÁTLISTI FYRIR SKÓLA TIL AÐ VERÐA TRANSVÆNIR

NEMENDUR

Nemendur eru fjölbreyttir og byrja að tjá kynvitund sína sína á öllum aldri.

Skólar þurfa að vera vel í stakk búnir til að styðja við fjölbreyttan nemendahóp. Besta leiðin til að gera það er að skapa og rækta opna og umburðarlynda menningu innan skólans, þar sem trans nemendur verða ekki fyrir einelti og upplifa sig vera hluti af hópnum. Þá þarf einnig að beina sjónum að nemendum sem eru ekki trans og hvernig þau tala og haga sér.

Með því að vinna að transvænni skóla er unnið gegn staðalmyndum sem geta þrengt að fleirum en einungis hinsegin fólki. **Transvænn skóli er góður fyrir alla nemendur.**

- ☒ Mikilvægt er að fá hinsegin fræðslu fyrir nemendur grunnskóla, t.d. frá Samtökunum '78, en Reykjavíkurborg er með þjónustusamning við félagið sem þýðir að skólar geta fengið ókeypis hinsegin fræðslu fyrir nemendur.
- ☒ Mikilvægt er að temja sér notkun á nafni og þeim fornöfnum sem barnið kýs, hvort sem það er hún, hann, hán, þau eða eitthvað annað. Mikilvægt er að kynna nýtt nafn og fornafn fyrir öðru starfsfólki og nemendum í samráði við trans nemendan og forráðafólk þegar/ef þau eru tilbúin til þess.
- ☒ Tryggðu að nemandinn sé öruggur í öllum aðstæðum og rýmum skólans. Ef svo er ekki þarf að skoða hvað veldur óörygginu og ráðast í breytingar, hvort sem það snýr að t.d. skipulagi skólans, hegðun starfsfólks/nemenda eða námsefni.
- ☒ Mikilvægt er að veita forsjáraðilum stuðning og leggja áherslu á styrkleika barnsins og jákvæðar breytingar á því. Hægt er að benda þeim á ráðgjafabjónustu Samtakanna '78 og stuðningshópa sem þau halda úti fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna.
- ☒ Mikilvægt er að barnið geti valið salernis- og skiptiaðstöðu sem hentar best þeirra kynvitund, og upplifi sig örugg þar. Einnig er mikilvægt að tryggja að kynhlutlaus salernis- og búningaaðstaða sé til staðar.
- ☒ Mikilvægt er að setja sér stefnu um núllþol gagnvart neikvæðri og niðurlægjandi notkun á hugtökum sem tengjast trans fólki og öðru hinsegin fólki. Ræddu við nemendur um áhrif slíkrar orðanotkunar og legðu áherslu á hvernig nemendur geti stutt við bakið á þeim sem verða fyrir slíku.

KENningarar og Starfsfólk

Nemendahópar, rétt eins og starfsmannahópar, eru fjölbreyttir og þurfa kennsla og umræður að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins. Mikilvægt er að sýna fjölbreyttar myndir af fólki, ástum, fjölskyldum og kyntjáningu.

Góð leið til þess er að trans málefni séu fléttuð saman við almenna kennslu og umræður ásamt því að fjallað sé sérstaklega um þau. Gott er að grípa tækifærið þegar nemendur opna á umræður um hinsegin málefni og styðja við þær. Kennarar og annað starfsfólk getur ávallt fengið hinsegin fræðslu og stuðning.

- ☒ Mikilvægt er að hafa grundvallar skilning á hinsegin málefnum, en hægt er að leita sér fróðleiks t.d. inn á vefsíðunni Hinsegin frá Ö til A. Hægt er að fá hinseginfræðslu að kostnaðarlausu fyrir starfsfólk frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, og óska eftir Regnbogavottun.
- ☒ Mikilvægt er að fá fræðslu bæði fyrir starfsfólk og nemendur, sérstaklega í kjölfar þess að barn komi út úr skápnum sem trans í nemendahópnum. Ef færi gefst til væri gott ef slíkt gerðist fyrir eða samhliða því að barnið komi út fyrir samnemendum.
- ☒ Mikilvægt er að nota kennsluefni sem sýnir margar ólíkar ímyndir fólks, kyns og sambanda, en sýnileiki og fyrirmyndir skipta miklu máli og geta hjálpað nemendum að átta sig á og líða vel með eigin sjálfsmynd. Hægt er að finna dæmi um kennsluefni inn á vef Reykjavíkurborgar um hinsegin málefni.
- ☒ Mikilvægt er að fjalla um fjölbreytileika kyns og trans fólk við samnemendur barnsins. Nefna þarf breytingar á stöðu barnsins, nýtt nafn þess og fornöfn.
- ☒ Mikilvægt er að taka á fordómafullri orðræðu og orðanotkun (svo sem hommi og hommalegt, kerlingalegt, „eins og stelpa“ – sagt á neikvæðan hátt) og þar með koma í veg fyrir slíkt og senda skýr skilaboð um að þú standir gegn fordómum og fagnir fjölbreytileikanum. Jafnvel má gera samkomulag eða samskiptasáttmála með nemendum í byrjun skólaárs um orðanotkun og umræður. Þá er tilvalið að eiga samstarf við frístund og félagsmiðstöð um slíkt samkomulag.
- ☒ Kenna nemendum um kynhlutlaust tungumál og hinsegin orð í íslenskukennslu, t.d. fornafnið hán, og nafnorðin á borð við kvár og stálp.

Það er dýrmætt ef nemandi er trans og leitar til þín eftir ráðgjöf og stuðningi. Þú þarft ekki að vita allt um trans málefni og mátt setja umræðuna á pásu á meðan þú leitar upplýsinga og ráða. Mikilvægt er þó að taka upp þráðinn við nemandann að nýju og halda samtalinu gangandi.

SKÓLINN

Gott er að tryggja að allt upplýsingaefni, póstar og ávörp taki mið af því að fjölskyldur nemenda eru fjölbreyttar og tryggja að allir nemendur og fjölskyldur upplifi sig velkomin. Mikilvægt er að kennarar og starfsfólk fái hinsegin fræðslu á a.m.k þriggja ára fresti. Allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta einnig sótt um [Regnbogavottun](#).

- ☒ Útbúa sérstaka stuðningsáætlun fyrir trans börn, forsjáraðila þeirra og starfsfólk grunnskóla. Sniðmát að slíkri áætlun má finna inn á vef Reykjavíkurborgar. Gott er að eiga fund með foreldrum/forsjáraðilum til að fara í gegnum hana sem og að tryggja að allir séu meðvitaðir um stöðu og þarfir barnsins, og að starfsfólk skóla og forsjáraðilar séu samstíga.
- ☒ Gott er að eiga upplýsingafund með starfsfólki frístundamiðstöðvar ef barnið sækir slíkt. Einnig er gott að eiga fund eða sendaupplýsingapóst á forsjáraðila bekkjarsystkina barnsins, t.d. í samstarfi við foreldrafélag skólans, til þess að upplýsaog fræða þá um málefni trans fólks.
- ☒ Skoða og uppfæra eineltisstefnu, umgengisreglur og aðrar viðeigandi stefnur til að taka sérstaklega tillit til hinsegin nemenda.
- ☒ Gott er að yfirfara eyðublöð og aðrar skráningar sem skólinn útbýr sjálfur þannig að forsjáraðilar og/eðabörn geti valið kyn og fornafn við hæfi.
- ☒ Samkvæmt lögum nr. 80/2019 geta forsjáraðilar óskað eftir breytingu á skráðu kyni og nafni barns hjá Þjóðskrá eða barnið sjálft sé það orðið 15 ára. Ef það er ótímabært eða hefur ekki verið gengið frá því ennþá að breyta nafni lagalega, þá má breyta nafni barnsins í Mentor sérstaklega, en það er gert með því að senda póst á radgjafar@infommentor.is. Slíkt þarf að endurtaka í byrjun hvers árs (janúar) til þess að koma í veg fyrir að árleg uppfærsla Mentors færi þjóðskrárnafnið aftur í kerfið.
- ☒ Ef trans barn skiptir um skóla er gott að eiga upplýsingafund með forráðafólki og starfsfólki sem mun koma til með að taka við barninu. Þannig er hægt að tryggja að nýr skóli sé upplýstur og undirbúinn að koma til móts við þarfir barnsins.

Hægt er að finna frekari upplýsingar um hinsegin börn og skóla, hugtök og fræðsluefni á vef Reykjavíkurborgar. Einnig er hægt að hafa samband við sérfræðing Reykjavíkurborgar í hinsegin málefnum með að senda tölvupóst á hinsegin@reykjavik.is.